Sub. Hallgrimss.:

Prjedikun

á 2. sunnud. e. prettánda

1857.

PRJEDIKUN

á

2. sunnud. eptir þrettánda 1857.

Flutt í Kaupangskirkju

af

aðstoðarpresti **Svb. Hallgrímssyni.**





Akureyri 1857.

í prentsmiðju Norður- og Austur-umdæmisins,

af H. Helgasyni.

*„Drekkið yður ekki drukkna af víni,
því þar af flýtur óheill!"*

Eph. 5, 18.

BÆNIN.

Í þessu húsi er talað fyrir oss með alvörugefni um þinn heilaga vilja, guð drottinn! og um ákvörðun vora og ábyrgð vors lífs— hjer vill hin himneska speki, sem þitt heilaga orð inniheldur, slíta daglega lífsins hugsunum og störfum, og snúa sálum vorum að öðrum efnum heilagari og alvarlegri enn þeim, sem daglega lífið líður á fram í — vill vekja og glæða hjá oss íhugun og athygli á vorri andlegu og eilífu ákvörðun, til þess hún geti fylgt oss í vorum hversdagslegu sýslunum og verið lífið og sálin í öllum vorum athöfnum. Ó, það eru þýðingarmiklir dagar, heilagar alvörustundir, sem þannig kalla oss saman frá lífsins ýmislegu vegum og leiða oss inn í þitt hús, eilífi guð! Mörg góð hugsun og áform getur vaknað og viðlifnað hina hátíðlegu guðræknisstund, mörg aðvörun og áminning hitt hjartað á hagkvæmum tíma. — Og því hlýtur það að vera mikill ábyrgðarhluti hvernig vjer gegnum þessu heilaga og alvarlega kalli kristilegrar kirkju. En því er miður að margir af þeim, sem helzt þyrftu að heyra aðvörun og áminningu guðs orða þeim til sáluhjálpar, sitja það sjálfir af sjer með því, þeir sneiða sig hjá guðs húsi á helgum dögum! Ó, þú sem þá hefur fleiri ráð til að koma sannleikans vekjandi röddu inn í hjörtu mannanna, og sem með mörgu móti getur gjört orð þitt ávaxtarsamt og komið þeim sem viltir fara, til að leita þess sem til friðarins heyrir, — ó, minn guð! láttu það ekki vera til ónýtis þegar aðvörunarrödd þinna orða hljómar í þínu heilaga húsi, láttu þá, sem orðið heyra þar orðinu trúa og orðið geyma, láttu þá flytja það inn í lífsins gálausa soll lastafullum til varúðar og leiðbeiningar! Virztu svo að blessa þau orðin, sem hjer verða töluð á þessari helgu stundu — Faðir vor! o. s. frv.

Guðspjallið Jóh. 2.
Brúðkaupið í Kana.

Eptir þetta fyrsta kraptaverk sem Jesús gjörði og opinberaði með sína dýrð, segir dagsins heilaga guðspjall, að lærisveinar hans hafi trúað á hann. Fyrst að þetta er tekið fram um lærisveinana, þá má gjöra ráð fyrir því, að margir aðrir gestir, sem verið hafa í brúðkaupinu, hafi ekki trúað á Jesúm, jafnvel þó kraptaverkið hafi ekki getað dulizt fyrir þeim, af því að þjónustumennirnir, sem fylltu kerin af vatni, vissu hvað gjörðist. Svona gengur það enn nú til fyrir gestunum í hinu mikla lífsins gestaboði: þar eru nokkrir, sem trúa á Jesúm og tjá sig sem hans lærisveina; en þar er líka mikill fjöldi, sem ekki vill trúa á hann, ekki aðhyllast hann sem sinn lærimeistara. Og ef vjer spyrjum nú um álit þessara hvorutveggju, þeirra sem eru guðs börn fyrir trúna á Jesúm Krist, og hinna sem eru heimsins börn vegna vantrúarinnar, ef vjer spyrjum um álit þeirra á kraptaverki drottins í brúðkaupinu í Kana, þá munu guðs börn öll álíta, eins og Jesú lærisveinar, að hann með þessu kraptaverki hafi opinberað sína dýrð, hafi viljað votta fyrir mönnum þá guðdómsins fyllingu, sem í honum bjó. — En heimsins börn — hvað munu þau þá álíta um það? Vjer vitum það að hin rangsnúna og vantrúarfulla kynslóð á Krists dögum kallaði hann meðal annars mathák og vínsvelg; og

hver veit nema kraptaverk drottins í Kana hafi gefið sumum rangsnúnum og vantrúarfullum boðsgestum þar tilefni til að kalla hann svo? Vjer viljum nú ekki segja það, að nokkur kristinn maður vor á meðal sje svo fráhverfur lífinu í guði, að hann láti sjer um munn fara lastyrði gegn guðs syni; vjer segjum það ekki, að heimsins börn nú á dögum álíti, að drottinn með kraptaverki sínu í Kana hafi viljað seðja nokkra holdlega girnd hjá sjálfum sjer; en það getum vjer ekki varizt að segja, að sumir eru svo undir syndina seldir, að þeir láta sjer um munn fara, að drottinn með þessu kraptaverki hafi eins og gefið mönnum átyllu til að þjóna syndinni; já, það hljótum vjer að vitna, að þeir holdsins þrælar eru til, sem vilja eins og fegra drykkjuskap og svall með drottins dýrðlega kraptaverki í Kana; — og þannig gjöra þeir drottinn dýrðarinnar að þjóni syndarinnar. En hafa þá þessir menn gleymt því, sem þeir lærðu í barnalærdómi sínum, að það var einmitt Jesús sem sagði: varið yður sjálfa, að yðar hugskot aldrei ofþyngist af ofáti eða ofdrykkju? Eða trúa þeir því ekki, sem þeir lærðu strax á eptir um þessa lesti, að ofdrykkja og ofát teljast með þeim hlutum, um hverja postulinn Páll segir, að þeir sem slíkt gjöri muni ekki öðlast hlutdeild í guðs ríki? Ó, kristnir menn! þegar vjer heyrum að kristindomurinn fer hvervetna svo hræðilegum orðum um ofdrykkjuna, þegar vjer vitum fyrir guði og samvizku vorri, að Krists lærdómur telur hana með þeim opinberu löstum, sem útiloka menn frá hlutdeild í guðs ríki,

því skyldi þá nokkur, sem kristinn vill heita, dirfast að fegra hana með orðum eða atvikum úr sjálfum kristindóminum! ó, hlýtur það ekki að særa hvern kristinn mann að heyra þessum lesti nokkra bót mælta, og því heldur hryggja hvern sannkristinn mann að sjá þennan löst hvervetna hafast við, og með sínum ófarsælu afleiðingum baka eymd og tjón, ekki einungis ofdrykkjumönnunum sjálfum, heldur heimilum þeirra og gjörvöllu fjelaginu? Að minnsta kosti mættu menn með sanngirni vænta þess og jafnvel heimta það, að áminningar- og aðvörunarorð gegn þessum lesti þegðu nú ekki, heldur ljetu til sín heyra í guðs húsi, þar sem alvara lífsins á heima og guðs orð er kennt, jafnvel þó þeir, sem helzt þurfa áminninga við í þessu tilliti, tíðast sneiði hjá guðs húsi, en gefi sig heldur í soll og svall á helgum dögum. Það er að sönnu víst, að hinn rjettláti guð á himnum hefur hagað því svo, að löstunum yfir höfuð að tala skyldu einnig hjer í lífi vera samfara þær afleiðingar og þau lífskjör, er verða mættu öðrum til sterkrar aðvörunar — og það má með sanni segja, að varla nokkur löstur ber með sjer hræðilegri hegningarmerki enn ofdrykkjan. En af því maðurinn sjer sjaldnast bjálkann í sínu eigin auga, þá lætur hann sjer sjaldnast annara víti, hvað vond sem eru, að varnaði verða, heldur ekki að hann sje sá, sem þurfi að taka sjer hugvekju af þeim, og fyllir svo sjálfur tölu hinna, sem fallið hafa, og fellur í sömu gröf eymdar og ógæfu. Líka er það að reynsla manna um lastanna sýnilegu afleiðingar verður ætíð ófullkomin í þessu lífi,

því margir sýnast með öllu sneyða hjá þeim hinum ófarsælu afleiðingum lastanna, sem þar á móti verða fljótt augsýnilegar í lífi og lífskjörum annara; og þetta blindar augu margra svo þeir hugsa, að háskinn sje ekki eins mikill og sagt er, og halda að ekki fari eins fyrir sjer, eins og farið hefur fyrir öðrum, heldur að þeir muni sleppa hjá afleiðingunum. En þess vegna er það líka, að þegar guðs orð vill vekja oss af svefni syndanna, þá tekur það ekki svo fram við oss hinar sýnilegu og líkamlegu afleiðingar lastanna, eins og hinar andlegu og eilífu, þær einmitt, sem snerta vora ódauðlegu sálu. Til þeirra afleiðinganna bendir líka postulinn Páll, þegar hann segir um ofdrykkjuna, að hver sem slíkt gjöri muni ekki erfa guðs ríki. Og það getum vjer strax sjeð, að það hlýtur að liggja kröptug áminning í þessum orðum, að það hlýtur að vera eitthvað betra, sem postulinn meinar með þessu arfleysi, enn nokkur tímanleg hagsæld, sem menn geti af sjer brotið með syndum sínum og löstum, og eitthvað verra enn nokkur hin hryggilegasta líkamans eymd, sem þeir geti steypt sjer í með þeim; því það er æfinlega þetta orðatiltæki, sem guðs orð brúkar, þegar það talar um mannlífsins mestu spillingu; enda vitna og orðin sjálf auðsjáanlega um tjón og töpun á einhverju andlegu og eilífu. En getum vjer samt gjört ráð fyrir því, að allir hafi rjettan skilning á því, hve alvarleg og kröptug áminning liggur í þessum orðum, sem þeir lærðu í æskunni um ofdrykkjuna, að hún útloki menn frá guðs ríki? Ó, víst mundi hún þá ekki hafa rutt sjer

eins til rúms í lífi manna, eins og hún hefur gjört. Svo verjum þá þessari guðræknisstundu til að íhuga postulans Páls aðvörunarorð gegn ofdrykkjunni. Látum oss íhuga þann hræðilega sannleika, að drykkjumenn muni ekki erfa guðs ríki. Jeg ætla fyrst að skýra fyrir yður þennan sannleika, og síðan benda yður til þess, hve hræðilegur hann er.

Vjer vitum að Jesús og postular hans kölluðu það evangelíum, sem guð birti heiminum, er hann ljet boða frið fyrir Jesúm Krist, kölluðu þann friðar og náðarlærdóm, sem leiða skyldi mannkynið til eilífs frelsis og farsældar — kölluðu hann guðs ríki, og meintu með því, að lærdómurinn ætti að stofna fjelag af frelsuðum mönnum, sem öðlast skyldu og aðnjóta allrar þeirrar blessunar og huggunar og vonar, sem kristindómurinn hefur í tje að láta hjarta mannsins í baráttu og reynslu lífsins á þessari jörðu, og allrar þeirrar sælu, friðar og fagnaðar í öðru lífi, sem Jesús Kristur hefur afrekað mannsins ódauðlegu sálu. En þegar vjer heyrum hvers krafist er af öllum þeim, sem eignast vilja hlutdeild í þessu guðs ríki, þá getum vjer ekki ímyndað oss, að allir, sem eru kallaðir, sjeu líka útvaldir. Og þegar vjer heyrum að ritningin sjálf nefnir ofdrykkjumenn á meðal þeirra, sem útilokaðir sjeu frá þessu guðs ríki; þegar vjer heyrum Jesúm sjálfan, þar sem hann er að vara lærisveina sína við þeim hlutum, sem koma mundu fram, þá er ríki þetta skyldi fyrst stofnast á jörðunni, heyrum hann beinlínis nefna ofdrykkjuna svo sem eitt af

því, er þeir yrði að varast, ef þeir ætti að álítast verðugir til að mæta frami fyrir Mannsins Syni; þegar vjer heyrum postulana, eins og til að mynda Pál í grein þeirri, sem vjer höfum áður tilfært, með berum orðum lýsa því, að ofdrykkja svipti manninn hlutdeild og arftöku í guðs ríki — hvað þurfum vjer þá framar vitnanna við? hlýtur ekki hver maður að álíta sem óyggjandi sannleika, að ofdrykkjmenn muni ekki erfa guðs ríki? því hver gat verið færari um að segja hvað veita skyldi hlutdeild í þessu ríki, og hvað útiloka skyldi frá hlutdeild í því, enn hann, sem var þess höfundur og þeir sendiboðar, sem hann hafði sjálfur útvalið og útbúið með sannleikans heilaga anda? — Hver ætti því að geta lofað ofdrykkjumönnum arftöku í guðs ríki, þegar orð drottins í heilagri ritningu segir þvert á móti með berum og skýlausum orðum? En skyldi ekki líka vor eigin íhugun og tilfinning geta sannfært oss um sannleika þess, sem vjer hjer um tölum, og fært sönnur á það, sem orð drottins segir? þú, sem þekkir kristindómsins heilaga lærdóm, og veizt hvaða boðorð vor herra Jesús Kristur hefur gefið, og hvað hans lærdómur kennir um líf mannsins á þessari jörðu, um ákvörðun þess og ábyrgð, er það er pund, sem manninum er falið til meðferðar, og ráðsmennska, sem hann á síðan skal standa af reikningsskap; þú, sem ert kominn til sannleiksins viðurkenningar um, að hverjum mönnum kristindómurinn vill gjöra játendur sína — seg þú mjer, getur þú virt fyrir þjer drykkjumannsins líf og álitið, að slíkir menn sjeu

það, sem kristindómurinn vill kannast við sem sína og telja á meðal borgara guðs ríkis? Getur þú horft á hann skjögra áfram lastanna og spillingarinnar veg hálf meðvitundarlausan, líkari vitstola manni enn skynsamri veru með viti og tilfinningu, eyðileggjandi sjálfan sig og ónýtan öðrum, og álitið að þetta geti verið vegurinn til himnaríkis, vegurinn til þess að vinna borgararjett í guðs ríki? Eða þegar þú sjerð drykkjumanninn með gjöreyddum líkams og sálar kröptum, hlustar á hans óskilmerkilegu og ruglingslegu orðræður, sjerð hann á bezta aldri titra og skjálfa eins og gamalmenni, og þú hugsar til þess, að þetta er vera, sem sköpuð var í guðs mynd og af Jesú Kristi kölluð til þess að láta þessa guðs mynd sýna sig í heilagleika og rjettlæti — ó, getur þú þá ímyndað þjer, að hann sje einn í tölu hinna útvöldu? þegar þú setur þjer fyrir sjónir hvernig lífdagar hans líða í rænuleysi — eru ein sífella af forsómuðum skyldum og fíflslegum heimskupörum — hversu óhæfilegur og ófær hann er til að gegna sinni tímanlegu köllun, og afreka það sem staða hans heimtar af honum, en til hvílíkra lasta og ódaðaverka hann þar á móti stundum, ólmari og vitlausari enn skynlaus skepna, getur brúkað þá krapta, sem guð hefur lánað honum — þegar þú skoðar hann sem meðlim í fjelaginu, eða sem föður og forsorgara fyrir heimili, hugsar til þess hvað hann gat verið og átti að vera, og hvað hann nú þar á móti er — sjerð hversu hann ekki einungis er gagnslaus fyrir það fjelag sem hann lifir í, heldur flytur ófrið

og ófarsæld inn í hús sitt, leiðir fátækt og eymd yfir saklausa konu og börn — opt til hryggilegrar arfleifðar og ófyrirsjáanlegra afleiðinga fyrir niðjana — getur þú þá ímyndað þjer, að hann muni verða talinn meðal hinna dyggu þjóna, sem hjer hafa verið trúir yfir litlu, og skulu á síðan verða settir yfir meira og fá að innganga í eilífan' fögnuð herra síns? þarf jeg nokkuð frekar að lýsa drykkjumannsins hryggilega lífi til að sanna það fyrir yður, að það hlýtar að vera satt sem ritningin segir, að ofdrykkjumenn muni ekki erfa guðs ríki? þarf jeg að benda yður á þann andvaralausa soll, sem drykkjumaðurinn vill helzt lifa í, þar er hann sinnir engum ráðleggingum nje áminningum, heldur skeytingarlaus um bágindi og tár konu og barna, gleymir guði og hans orði og öllu sem heilagt er, tælir aðra og tælist sjálfur, uns hann kemst í það ástand, að hann verður hverju dýri aumari og argari? — þarf jeg að benda yður á þá staði, þar sem heipt og hávaði, blót og formælingar eins og sýnast vilja í ölæði manna kalla himinn og jörð til vitnis um, að hvílíkri óhemju maðurinn geti orðið? — þarf jeg að benda á þessa skelfilegu sjón og segja: sjáið þar menn, sem máske eru nýbúnir að bergja á friðþægingarinnar heilaga bikar við Jesú náðaraltari! og getið þjer ímyndað yður, að það muni vera þvílíkir menn, sem frelsarans friðarboðskapur vilji mæla nokkra bót fyrir heilögum og rjettlátum guði á himnum? — getið þjer hugsað að það sjeu þvílíkir menn, sem frelsi og sæla náðarlærdómsins er ætluð, svo að þeir menn, sem

þannig svívirða sáttmálans blóð, skuli fá inn að ganga í guðs ríki? Eða á jeg að benda yður á andlátsstund drykkjumannsins, þegar hann eptir burtsóað líf í svalli og sinnuleysi — stundum á unga aldri og líklega ætíð fyr enn náttúrunnar lögmál skipar — á að mæta sínum eilífa dómi — kippist máske burt mitt í sínu svalli sinnulaus og rænulaus, svo hann getur ekki komið fyrir sig nokkurri hugsun eða nokkru andvarpi? — Ó, mikið skelfileg tilhugsan! hvað eigum vjer að ímynda oss um afdrif hans og kjör í eilífu lífi? þetta getur þó ekki verið vegurinn til guðs ríkis og eilífrar sælu. því hlýtur það og að vera óbifanlegur og ómótmælanlegur sannleiki, að drykkjumenn muni ekki erfa guðs ríki.

Og þennan sannleika köllum vjer hræðilegan. En hversvegna köllum vjer hann svo? það skulum vjer nú skoða hjer á eptir. Mörgum þykir líf ofdrykkjumannanna hræðilegt í sjálfu sjer, og álíta hinar líkamlegu og sýnilegu afleiðingar af þessum lesti þegar hjer í lífi bæði hryllilegar og hryggilegar; því það er eins og vjer sögðum áður enginn löstur, sem ber með sjer eins hræðileg hegningarmerki eins og löstur drykkjumannsins, sem eyðileggur bæði sálu hans og líkama og tímanlegu velferð. En það gengur líklega eins í þessu tilliti eins og í flestu öðru, að þegar dæma skal um afleiðingar mannlegra athafna, þá eru sjaldnast teknar til greina þær hinar andlegu og eilífu afleiðingarnar, og fæstir hafa líklega sett sjer skýrlega fyrir sjónir, hvað það vill segja að hafa glatað arf-

töku sinni í guðs ríki. Vjer sögðum áður hvað þýddi þetta orðatiltæki „guðs ríki“, sem Jesús sjálfur og postular hans svo opt brúka — að þeir meintu með því alla þá ráðstöfun, sem guð hefur látið Jesúm Krist gjöra syndugum mönnum til frelsis og sáluhjálpar; — að hafa glatað arftöku sinni í þessu guðs ríki er því sama, sem að hafa brotið af sjer og fyrirgjört allri hlutdeild í því frelsi, þeirri huggun og þeirri von, sem lærdómur Jesú Krists hefur oss fyrirbúið. — Og þetta hlýtur víst að vera óttaleg tilhugsan fyrir hvern þann, sem með alvarlegri athygli skoðar líf og ákvörðun mannsins — óttalegri enn sjón allrar þeirrar líkamlegu eymdar og neyðar, sem maðurinn getur steypt sjer í með syndum sínum og löstum. Dæmið ekki um þetta eptir því sem menn hugsa og tala um það mitt í þeirra gjálífi og andvarleysi, meðan svall og glaumur lastanna kæfir og drepur alla alvarlega skoðun á lífinu! — þá kannast hjartað eigi við þörf sína — þá finnst því sem það geti án verið allrar huggunar og vonar — en gætið að því hvað hið gálausa og skeytingarlausa hjartað getur á stundum liðið, og það hjer í lífi, þegar maðurinn raknar við og rankar við sjer! því hefur ekki lífið dæmin deginum ljósari um það, hversu örvænting og skelfing hefur svo umspent samvizku syndarans, þegar hann gætti sín eptir brot sitt, að engin huggun og von, sem guðs orð ljet í tje, megnaði að burthrinda þessari hræðilegu örvæntingar hugsun, sem settist að hinu seka hjarta: æ! fyrir mig er engrar hjálpar, einkis frelsis, engrar náðar og fyrirgefningar

að væntal — og þetta er hin glataða hlutdeild í guðs ríki — mannsins eigin meðvitund um, að huggun og von hjálpræðisins er eigi fyrir þá, sem sjálfir hafa brotið það af sjer. Og hafi þetta opt átt sjer stað, þegar angur og sjálfsbríxli særði sálina, átti sjer stað hjá mönnum, sem þó ekki, eins og ofdrykkjumaðurinn, voru búnir að deyða hugsunarafl sálarinnar, svo þeir gátu tekið skynsamlegu tali um kristindómsins eilífu sannindi og huggunarríku fyrirheit; hafi þetta opt átt sjer stað, þó um minni syndir og afbrot væri að gjöra, og sem guðs orð ekki fer eins þungum orðum um eins og um ofdrykkjuna — hafi það samt opt veitt erfitt að friða hið angraða og örvæntingarfulla hjarta með huggun náðarlærdómsins, — ó, hvað getur þá gefið ofdrykkjumanninum aptur hinn glataða arf, eða von um hlutdeild í guðs ríki, þegar sálin er orðin svo sljóf, svo rænulaus, að hún ekki einu sinni getur skilið það, sem einhver af meðaumkunarsemi kynni að vilja segja henni um frelsisins huggunarríku von, og þegar honum, hvenær sem hann er með sjálfum sjer, standa sí og æ fyrir hugskotssjónum þessi hræðilegu orð: að ofdrykkjumenn muni ekki erfa guðs ríki? — Ó, sýnist þjer þá ekki, maður! að þessi orð innihaldi hræðilegan sannleika? Athugir þú nú hjer að auki það sem reynslan sannar svo hryggilega, að af öllum löstum er drykkjuskapurinn sá, sem heldur manninum með sterkasta afli og gjörir honum umvendunina svo mjög torsókta — ó, þá hlýtur tilhugsun hinnar töpuðu arfleifðar að vera þeim mun hræðilegri sem

það er minni von fyrir drykkjumanninn enn nokkurn annan lastanna þræl, að geta náð aptur sínum tapaða arfi. Þó er það ekki einungis vegna iðrunarinnar og angursins, sem stundum kann að setjast að sálunni hjer í lífi og kenna manninum að sjá hans eymd og synd — það er ekki einungis vegna þessara alvörustunda, að það er óttaleg tilhugsan að hafa glatað arftöku sinni og hlutdeild í guðs ríki — í huggun, von og friði guðs náðar; — þeim stundum getur drykkjumaðurinn og gjörir einatt að hrinda frá sjer, með því að drekka frá sjer vitið — og eykur svo með hverju broti sína miklu ábyrgð og þungu sekt; — en jafnvel þó drykkjumaðurinn geti hjer í lífi svo að segja afklæðst öllu mannseðli og svívirt sjálfan sig langt fram yfir dýrið, jafnvel þó hann geti að kalla má deytt og drepið allt sálar og líkamsfjör, þá getur hann samt ekki niðurbrotið tilveru síns ódauðlega anda, hver eð skapaður er til að lifa um alla eilífð. Og inn í eilífðina nær það guðs ríki, sem Jesús talar um, því hans náðarlærdómur höndlar einmitt um velferð sálarinnar í eilífu lífi. Í eilífðarinnar sæla landi — þar birtist þetta ríki í allri sinni fullkomnun — þar sem dómurinn er og endurgjaldið, þar sjezt það fyrst í allri sinni dýrð, er það veitir sínum trúu enn þótt ófullkomnu borgurum, sem hjer voru, eilífan frið og fögnuð. Syo er þá líka töpun arfleifðarinnar eilíft tjón. Ó, gætum vjer sjeð í gegnum þá skýluna, sem skilur á milli tíma og eilífðar, og skoðað hvað þessi töpun hefur þar að þýða — hvílík dýrð og sæla þar er töpuð, hvílík kvöl og skelfing þar umspennir hina fordæmdu, ó, hversu hræðilegur hlyti þá ekki þessi sannleiki guðs orða að hljóma fyrir eyrum vorum: ofdrykkjumenn munu ekki erfa guðs ríki! Hafi það stundum þókt hræðilegt að horfa á örvinglan manna hjer í lífi, þegar syndarinn vaknaði af svefni sínum og tók að kveljast af meðvitund glæpa sinna, af íhugun þess hvað hann hefði getað verið, og hvað hann nú er orðinn,

og hvaða afleiðingar athafnir hans hafa getað haft — hvílík mun þá verða hugarkvölin, samvizkubitið og sálarnögunin þegar þar er komið, hvar tilfinningarleysi holdsins deyfir ekki lengur pínuna, hvar enginn skal geta difið gómi síns fingurs í vatn til að kæla með hina brennandi tungu — hvar allur möguleglciki til að bæta fyrir það, sem brotið hefur verið, er horfinn, og síðasti neisti vonarinnar útdáinn — hvar endurminningin um lífsins eyddu og burtsóuðu daga, og meðvitundin um alla eymd og bölvun, sem á þeim hefur verið unnin á jörðunni, skal ofsækja og kvelja hina glötuðu sál, sem sjálf hefur svipt sig arftöku og hlutdeild í guðs ríki! — Blöskrar ekki hjarta þínu að hugsa til þessa, kristinn maður? og finnur þú nú ekki til þess hve hræðilegur sá sannleiki er, að drykkjumenn muni ekki erfa guðs ríki? Æ, svo flyt þú með þjer þessa hugsun og þessa tilfinningu úr húsi drottins, og láttu hana hvetja þig til að tala áminningar- og aðvörunarorð fyrir þeim, sem ekki leita þeirra sjálfir og sem ganga á glötunarinnar skelfilega vegi! Þekkir þú nokkurn ógæfumann, sem stefnir að þessu ofdrykkjumannanna óttalega glötunar djúpi, æ, þá aðvaraðu hann áður enn það er orðið um seinan, og segðu honum, að í guðs orði og guðs húsi sjeu nú töluð hræðileg orð um ástand hans sálar hjer á jörðu og afdrif hans sálar í eilífðinni, svo að alvarlegar og heilagar hugleiðingar geti vaknað í sálu hans, og ef mögulegt er frelsað hana frá glötuninni! — Og þú, vor guð og faðir á himnum! sem hefur mörg meðöl í þinni hendi til að koma þínu eilífa sannleiks orði inn í hjörtu mannanna, og sem hefur lofað, að orð þitt skuli ekki hverfa árangurslaust til baka — ó blessa þú einnig áhrifin af íhugun þess á þessari stundu, svo að alvarlegar og heilagar hugleiðingar vakni í sálum margra manna og kenni þeim að sjá og skoða, hvílíkri arfleifð maðurinn getur glatað! Amen, í Jesú nafni, amen.



